


Könnun meðal lögfræðinga

sem útskrifuðust með MA/ML gráðu árið 2019

Betra atvinnuástand er meðal nýútskrifaðra lögfræðinga en var fyrir fimm árum. Rúmlega helmingur lögfræðinga sem útskrifuðust frá Háskólanum í Reykjavík vinna á lögfræði- eða lögmannsstofum en fjórir af hverjum tíu sem útskrifuðust úr Háskóla Íslands starfa hjá opinberum aðilum eða sveitarfélögum. Þá vinna 83% kvenna meira en 40 tíma á viku en 69% karla og enginn launamunur mælist milli skóla eða kynja.

Þetta kemur fram í könnun sem Lögfræðingafélag Íslands gerði meðal lögfræðinga sem útskrifuðust með meistaragráðu árið 2019 en sambærileg könnun var gerð árið 2015 varðandi lögfræðinga útskrifaða 2014. Tölur í sviga eru frá þeim tíma.




Úrtakið náði til samtals 100 einstaklinga (162 árið 2014) sem útskrifuðust með meistaragráðu frá Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík og Háskólanum á Bifröst árið 2019 og höfðu fyrir lokið námi til BA gráðu í lögfræði eða BS gráðu í viðskiptalögfræði. Ekki fengust persónugreinanlegar upplýsingar um einstaklinga sem útskrifuðust með meistaragráðu frá Háskólanum á Akureyri á árinu 2019. ¹ Svör bárust frá 82 lögfræðingum; 47 svöruðu af 57 frá Háskóla Íslands, 31 svöruðu af 38 frá Háskólanum í Reykjavík og 4 svöruðu af 5 frá Háskólanum á Bifröst. Þetta gerir 82% svarhlutfall.

¹Alls útskrifuðust 4 lögfræðingar með meistaragráðu frá Háskólanum á Akureyri árið 2019, sem voru með BA/BS gráðu fyrir í lögfræði, en þeir eru ekki í þessari tölu.

Betra atvinnuástand meðal nýútskrifaðra

Betra atvinnuástand er meðal nýútskrifaðra lögfræðinga heldur en var fyrir fimm árum en alls 75% (69%) þeirra sem svöruðu könnuninni vinna við lögfræðistörf, eða 61 talsins.² Þar af voru 68% (36%) komnir með starf í faginu áður en þeir útskrifuðust og 90% (61%) innan sex mánaða. Fleiri karlar voru komnir með lögfræðistörf við útskrift en konur, eða 79% á móti 73%. Þess má geta að rétt rúmlega 100 manns útskrifuðust úr lögfræði árið 2019 á móti 162 árið 2014 og eflaust hefur það talsverð áhrif á hve vel nýútskrifuðum lögfræðingum hefur gengið að fá vinnu.

Í könnuninni sem gerð var fyrir fimm árum var talsverður munur á því hvernig lögfræðingum hafði gengið að fá lögfræðitengd störf eftir skólum. Nú er enginn munur á því að heitið geti þar sem á bilinu 71-78% nemenda skólanna þriggja voru komnir með lögfræðistörf við útskrift.



Mun færri í atvinnuleit en fyrir fimm árum

Af þeim 21 (34) lögfræðingi sem ekki voru í lögfræðistörfum þegar könnunin var gerð í sumari voru 5 (17) í atvinnuleit og 16 (14) í öðrum störfum sem ekki tengdust beint lögfræði. Mismunandi var hvaða störfum þeir sinntu en tveir voru t.d. í fæðingarorlofi. Þeir sem ekki unnu við lögfræði voru spurðir að því hvort þeim hefði boðist að vinna við lögfræðistörf án endurgjalds og engum hafði boðist það en þrír höfðu fengið slíkt boð árið 2015.

Þeim sem útskrifuðust árið 2019 gekk mun betur að finna vinnu við lögfræðistörf en lögfræðingum sem útskrifuðust fimm árum fyrr enda voru nemendurnir mun færri, 100 í staðinn fyrir 162 árið 2014.


78% höfðu starfsreynslu við útskrift

78% (75%) lögfræðinganna höfðu reynslu af lögfræðistörfum þegar þeir útskrifuðust með MA/ML gráðu. 33% (40%) svarenda höfðu meira en tólf mánaða reynslu, 21% (12%) höfðu 6-12 mánaða reynslu, 11% (9%) höfðu 3-6 mánaða reynslu, 11% (14%) höfðu 0-3 mánaða reynslu en 22% (25%) höfðu enga reynslu.


²Spurt var hvort viðkomandi sinnti lögfræðistörfum og hver og einn svarar út frá sínum skilningi á því hvað lögfræðistörf eru. Ef þátttakendur svöruðu játandi voru þeir spurðir hvar þeir störfuðu. Ef þeir svöruðu neitandi voru þeir spurðir hvort þeir væru að leita að vinnu, við hvað annað þeir störfuðu og hvort þeim hefði boðist vinna við lögfræðistörf án endurgjalds. Engum hafði boðist það.

Hvar starfa lögfræðingarnir?

39% (28%) þátttakenda starfa á lögfræði- eða lögmannsstofum, 28% (24%) hjá opinberum aðilum eða sveitarfélögum, 20% (11%) hjá fyrirtækjum eða félagasamtökum og 8% (7%) hjá fjármálastofnunum. Hlutfallslega er enginn munur milli kynja eftir því hvar þau starfa.



Rúmlega helmingur lögfræðinga sem útskrifuðust frá HR vinna á lögfræðistofum, eða 55% (24%) en einungis rétt tæplega 5% (19%) hjá opinberum aðilum eða sveitarfélögum. Þá starfa 33% (0%) á lögfræðistofum frá Háskólanum á Bifröst og sömuleiðis hjá opinberum aðilum eða sveitarfélögum. Alls 31% (36%) lögfræðinga útskrifuðum frá Háskóla Íslands starfa á lögfræðistofum og 42% (31%) hjá opinberum aðilum eða sveitarfélögum.




Vinnutími

Þeir lögfræðingar, sem unnu við lögfræði, voru spurðir að því hve marga tíma þeir ynnu að jafnaði á viku. Einungis 7% (9%) vinna meira en 50 tíma á viku en 70% (72%) vinna milli 40-50 tíma og 20% (13%) 30-40 tíma á viku.

Með því að „krosskeyra“ spurningar um vinnutíma annars vegar og hvar lögfræðingarnir starfa hins vegar kemur í ljós að 12,5% þeirra sem starfa hjá lögfræðistofum vinna meira en 50 tíma á viku. 76,5% þeirra sem starfa hjá opinberum aðila eða sveitarfélagi vinna 40-50 tíma á viku en 67% þeirra sem starfa á lögfræðistofum og hjá fyrirtækjum eða félagasamtökum. Allir sem starfa hjá fjármálastofnunum vinna milli 40-50 tíma á viku. Þó einhver munur sé á vinnutíma eftir því hvort nýútskrifaðir lögfræðingar starfa hjá lögfræðistofum, fjármálastofnunum eða opinberum aðilum, þ.m.t. sveitarfélögum, mælist sá munur ekki verulegur.


Þá er einnig áhugavert að 83% kvenna vinna meira en 40 tíma á viku en 69% karla og litlu virðist skipta varðandi vinnutíma hvort að þátttakendur voru með fjölskyldu eða ekki.



Tæplega helmingur með milli 600-700.000 krónur á mánuði

Alls 61 svaraði spurningu um heildarmánaðarlaun og kom fram að 3% eru með laun á bilinu 400-500.000 krónur og 13% (33%) eru með 500-600.000 krónur. Þá voru 46% (19%) þátttakenda með laun á bilinu 600-700.000 krónur og 29% (7%) voru með laun yfir 700.000 krónur. Ef við gefum okkur þær forsendur að meðallaun þeirra sem sögðu t.d. laun sín vera milli 400-500.000 krónur séu 450.000 o.s.frv.


6.4 Hver eru heildarmánaðarlaun þín?



Þá kemur í ljós að meðallaun lögfræðinganna voru 675.00 (535.000) krónur á mánuði. Á þessum fimm árum hafa því laun nýtskrifaðra lögfræðinga hækkað um 26% en á sama tíma hefur vísitala launa skv. Hagstofu hækkað um 40%, launavísitala VR um 29% og laun kjarasamnings VR við SA um tæplega 21%.³

6.2 Hvar starfar þú?

☒ Krosskeyrt á móti: 6.4 Hver eru heildarmánaðarlaun þín?




Tæplega helmingur þátttakenda voru með heildarmánaðarlaun milli 600-700.000 krónur á mánuði og eins og sjá má hér fyrir ofan skiptast þeir svipað á milli stofnana, lögfræðistofa og fyrirtækja. Marktækur munur er hins vegar á því hverjir eru með milli 700-800 þúsund krónur eftir því hvort þeir starfa annars vegar hjá hinu opinbera eða hjá öðrum.

³ Miðað er við vísitölu launa í ágúst 2015 sem var 524,7 og í ágúst 2020 sem var 736,1. Á heimasíðu VR er reiknivél þar sem hægt er að sjá launaþróun út frá ýmsum forsendum. Sjá hér: <https://www.vr.is/reiknivelar/launathroun/>

Enginn launamunur milli skóla

Þegar mánaðalaun svarenda eru skoðuð eftir skólum kemur í ljós að 15% lögfræðinga frá HÍ og 14% lögfræðinga frá HR voru með yfir 800.000 í mánaðarlaun. Þá voru 54% lögfræðinga frá HÍ og 43% lögfræðinga HR með 600-700.000 krónur.




Ef við gefum okkur þær forsendur að meðallaun þeirra sem sögðu laun sín vera milli 400-500.000 krónur séu 450.000 osfrv. þá kemur í ljós að meðallaun lögfræðinga sem útskrifuðust úr HR eru 688.000 krónur (558.000 krónur) og lögfræðinga úr HÍ 671.000 krónur (529.000 krónur).⁴ Það er því lítil sem enginn munur á launum nýútskrifaðra lögfræðinga eftir því úr hvaða skólum þeir eru útskrifaðir.

Laun eftir því hvaðan lögfræðingar voru útskrifaðir		
	HÍ	HR
400-500 þ	1	1
500-600 þ	5	2
600-700 þ	18	9
700-800 þ	4	6
yfir 800 þ	5	3
SAMTALS	33	21

⁴ Einungis tveir lögfræðingar úr Háskólanum á Bifröst svöruðu spurningum um laun og því verður þeim sleppt úr þessum samanburði.

Launamunur kynjanna úr sögunni?

Þegar skoðuð eru laun karla og kvenna kemur í ljós að enginn marktækur munur er á launum þeirra samkvæmt könnuninni. Ef við gefum okkur þær forsendur að meðallaun þeirra sem sögðu t.d. laun sín vera milli 400-500.000 krónur séu 450.000 osfrv. þá kemur í ljós að meðallaun beggja kynja eru 675.000. Þetta eru ánægjuleg tíðindi en þegar könnunin var gerð árið 2015 voru vísbendingar um að konur væru oftar með lægri mánaðarlaun en karlar. Þá kom í ljós að laun karla væru 550.000 krónur en kvenna 522.000 krónur en unnu þó álíka margar vinnustundir.



83% veldu aftur lögfræði

Lögfræðingarnir voru spurðir að því hvort þeir myndu aftur velja lögfræði ef þeir væru að hefja háskólanám í dag. 33% (28%) töldu tvímælalaust að þeir myndu gera það og 50% (45%) töldu slíkt sennilegt. Þá sögðust 17% (20%) að þeir myndu hugsanlega ekki velja lögfræði ef þeir væru að hefja háskólanám í dag.

Ástæður þeirra sem sögðust hugsanlega eða alls ekki velja lögfræði í dag voru lág grunnlaun, offramboð lögfræðinga og takmarkaðir atvinnumöguleikar erlendis. Einn lögfræðinganna svaraði: „Ef samfélagið okkar hampaði ekki bóknámi fram yfir annað nám hefði ég valið myndlist.“


Flestir hafa hug á LL.M námi og að afla sér lögmansréttinda

12% (12%) lögfræðinganna höfðu lokið öðru framhaldsnámi en MA/ML prófi í lögfræði, 6% (5%) eru í námi en 81% (82%) höfðu ekki lokið öðru framhaldsnámi. Þá höfðu 52% (46%) hug á því að fara í frekara nám.

Þátttakendur voru spurðir hvaða nám þeir hefðu hug á að stunda og gátu merkt við fleiri en einn möguleika. Flestir hafa áhuga á að fara í LL.M. nám, eða 38%, og afla sér lögmansréttinda, eða 27%. Yngri lögfræðingar voru ákveðnari í því að fara í meira nám en eldri og karlar voru ákveðnari í því en konur.

Aldur og kyn

54 af 82 þátttakendum könnunarinnar, eða um 66%, (64%) voru á aldrinum 25-30 ára, 15 þátttakendur, um 18% (17%), voru á aldrinum 30-35 ára, 7 eða um 9% (3%), voru 35-40 ára, 4 eða um 5% (4%), voru 20-25 ára og 2 eða um 2% (12%) voru 40 ára eða eldri.



Þess má geta að netföng fengust hjá 100 (139) lögfræðingum en af þeim voru 56% (57%) konur og 44% (43%) karlar. 59% þeirra sem svöruðu voru konur og 41% karlar. Ekki er marktækur munur á því hvar lögfræðingar starfa eftir kynjum.

43% þátttakenda með maka og börn

Alls 35 þátttakendur, eða 43% (34%) eiga maka og börn, 25 þátttakendur, eða 30% (44%) eiga maka og 2 þátttakendur, eða 2% (8%) eru með börn á framfæri. Þá voru 20 þátttakendur, eða 24% (14%) einhleypir.

Lögverndun starfsheitis

Þátttakendur voru spurðir í lokin hvort þeir teldu að það ætti að lögvernda starfsheitið „lögfræðingur“ og svöruðu 86% (79%) því játandi.

Eyrún Ingadóttir tók saman.